

www.blind.is

Febrúar 2019

# VÍÐSJÁ

Rit Blindrafélagsins, samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi
11. árg. 1. tbl. 2019

## Ég sé allt sem ég sé
Viðtal við Sigurjón Einarsson

## Er Ísland tilbúið fyrir vefaðgengi?

## Ég hef alltaf haft á tilfinningunni að ég væri sjónskert
Viðtal við Dagbjörtu Andrésdóttur

Actavis



# Er maginn í steik?




## Omeprazol Actavis
### – Við brjóstsviða og súru bakflæði

**20 mg, 14 og 28 stk. – fáanlegt án lyfseðils í næsta apóteki**

**Omeprazol Actavis**, 20 mg magasýruþolin hörð hylki, innihalda virka efnið ómeprazól sem tilheyrir flokki lyfja sem kallast „prótónpumpuhemlar“ og er ætlað til notkunar hjá fullorðnum til skammtímameðferðar við einkennum bakflæðis (t.d. brjóstsviða og nábít). Gleypið hylkin í heilu lagi með hálfu glasi af vatni fyrir mat eða á fastandi maga.
**Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is**

Actavis 811110

# AÐ NJÓTA ÞESS AÐ VERA TREYST

## Ávarp formanns - Sigþór Hallfreðsson

Sú var tíðin að undirokaður almúginn virtist bera ómælda virðingu fyrir þeim sem gegndu einhverjum embættum eða virðingarstöðum eins og það var kallað. Fjölmargar sögur eru til um yfirgang og athæfi þessara aðila sem látið var viðgangast fyrr á öldum. Vissulega eru líka til dæmi um að sýslumenn hafi verið settir af eða prestar dæmdir frá kjól og kalli en þá mátti líka mikið hafa gengið á. Sagan er hins vegar oftar en ekki saga sigurvegarans og þeirra sem betur máttu sín og sjaldnast var mikill gaumur gefinn að hug almennings. En það segir hins vegar fátt um það hvort yfirvaldinu hafi ekki verið hugsuð þegjandi þörfin samt sem áður. Þetta er gjörbreytt í dag, upplýstur almenningur hefur rödd og gerir miklar kröfur til þeirra sem treyst er fyrir mikilvægum samfélagshlutverkum um að þeir standi undir því trausti. Bregðist það er ekki þagað yfir því lengur.



Samkvæmt skilgreiningu á vísindavefnum er traust vandmeðfarið siðferðilegt hugtak sem verður til á milli aðila þegar lítill vafi leikur á hlutverki, skyldum og réttindum þess sem gegnir tilteknu hlutverki og viðkomandi skilur og virðir hvað í því felst. Til grundvallar trausti liggja leikreglur, t.d. í skráðum eða óskráðum siðareglum, um hvað beri að gera og hvernig eða hvers vegna sumt er betur látið ógert eða ósagt í samskiptum fólks.

Um árabil hefur Gallup kannað traust almennings til ýmissa opinberra stofnana. Þessar mælingar bera með sér að á brattann er að sækja fyrir íslenska stjórnkerfið. Traustið til þess er rofið og það á ekki síst við um kjörna fulltrúa þjóðarinnar á þingi og í ríkisstjórn.

Almenn kjör lífeyrisþega og aðstæðurnar sem mörgu fötluðu fólki er ætlað að búa við eru ekki til þess fallnar að auka traustið hjá því til yfirvalda. Tillitsleysið gagnvart kjörum þessa hóps og óþarfa hangs við að fella úr gildi hina mjög svo óréttlátu „krónu á móti krónu skerðingu" gerir það ekki heldur.

Það þarf því engan að undra, eftir allt sem á undan er gengið í gegnum tíðina, að tillögum um breytingar á almannatryggingakerfinu og tengdum hugmyndum um starfsgetumat er mætt af tortryggni meðal hagsmunasamtaka fatlaðs fólks. Málamyndasamráð og óljósar upplýsingar um afleiðingarnar gefa líka fullt tilefni til þess að gera fyrirvara við þessar hugmyndir. Fyrir þá sem munu finna harkalega á eigin skinni fyrir öllu sem misfarist getur við þennan gjörning er þetta ekki bara einhver leikur að tölum heldur grafalvarlegur, hrákaldur raunveruleikinn.

Í þessu liggur vandi stjórnmálamanna í dag sem falið er að gæta sameiginlegra hagsmuna okkar, tryggja okkur öllum grundvallarmannréttindi og mannsæmandi aðstæður. Traustið er rofið og það verður ekki þvingað fram með lögum eða valdboði. Eina færa leiðin er að kjörnir fulltrúar gæti vel að mannorði sínu og sýni og sanni með framgöngu sinni, vinnubrögðum og verkum að þeir eru traustsins verðir. Þá kannski skapast traust á ný í íslensku samfélagi.

Það er nefnilega af sú tíð að það eitt að tilheyra tiltekinni stétt eða stöðu skapi fólki sjálfkrafa virðingu eða traust. Það segir hins vegar lítið um að ekki sé borin virðing fyrir hlutverkinu sem slíku eða því sem það stendur fyrir. Þau sem valin eru til að gegna mikilvægum embættum fá að einhverju leyti forgjöf og öðlast að vissu marki hlutdeild í þeirri virðingu og trausti sem embætti eða stofnun getur fylgt. En varanlega viðurkenningu og gott álit frá öðrum verður hvert og eitt þeirra að vinna sér inn fyrir sína eigin verðleika.

Traust og virðing eiga það nefnilega sameiginlegt að maður ávinnur sér hvort tveggja og það er til muna auðveldara að glopra því frá sér en að öðlast það.

# DAGBJÖRT



Viðtal við Dagbjörtu Andrésdóttur.
Bls. 6.

# DÍVAN



Beyoncé brýtur á blindum.
Bls. 9.

# TÖLVUSJÓN



Nokkrar lausnir skoðaðar.
Bls. 10.

# VEFAÐGENGI



Er Ísland tilbúið fyrir vefaðgengi?
Bls. 12.

# HLJÓÐSÝN



Sound of Vision verkefnið skoðað.
Bls. 16.

# HUNDAR



Leffe, Lubbi og Laban.
Bls. 20.

# ENDURMINNING



Rósa Ragnars rifjar upp æskuna.
Bls. 22.

# SJONNI



Viðtal við Sigurjón Einarsson.
Bls. 24.

# UPPSKRIFTIR



Tvær uppskriftir frá Rósu Ragnars.
Bls. 29.

# AÐGENGI



Blindrafélagið kynnir aðgengislausnir.
Bls. 30.

**Víðsjá**. Rit Blindrafélagsins, samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi. 11. árg. 1. tbl. 2019.
**Útgefandi:** Blindrafélagið, samtök blindra og sjónskertra á Íslandi, kt.: 470169-2149, Hamrahlíð 17, 105 Reykjavík.
**Ábyrgðarmaður:** Sigþór Hallfreðsson.
**Ritnefnd:** Rósa María Hjörvar, Gísli Helgason, Hjalti Sigurðsson, Rósa Ragnarsdóttir, Sigríður Hlín Jónsdóttir og Sigþór Hallfreðsson.
**Ritstjóri:** Rósa María Hjörvar.
**Greinahöfundar:** Rósa María Hjörvar, Gísli Helgason og Rósa Ragnarsdóttir.
**Ljósmyndir:** Ólöf Gyða Risten, Guðmann Þór Bjargmundsson – Viking Portrait Studio,
Friðrik Steinn Friðriksson o.fl.
**Prentun:** Ísafoldarprentsmiðja.

# ELSKA – ELSKA EKKI HVÍTA STAFINN MINN

## Pistill ritstjóra - Rósa María Hjörvar

*„What doesn´t kill you, hurts like hell.“*
-Jim Knipfel



Öll upplifum við einhvern tímann á ævinni ofbeldissambönd, annaðhvort sjálf eða í gegnum einhvern nákominn. Við þekkjum togstreituna þegar sá sem takmarkar þig verður það mikilvægasta sem þú átt. Sjálf bý ég við slíkt samband við hvíta stafinn minn, samband sem ég get líklega aldrei snúið baki við.

Ég elska að sveifla hvíta stafnum fyrir framan mig í nýföllnum snjó. Að finna hvernig hann rennur mjúkt til og frá. Svúss, svúss, svúss. Þá líður mér eins og pólfara. Eins og ég sé fyrsta og eina manneskjan á staðnum og ekkert skipti máli nema skynjun mín á heiminum. Hvernig ferskt loftið kitlar nefið, brakið undir fótunum. Að ég sé stödd í heimi þar sem hvorki er til ófatlað né fatlað. Bara endalaus hvít jörð sem stafoddurinn ritar á með sínu káta svúss, svúss.

Og þegar ég vakna með heiminn á herðunum. Þegar gremjan og kaffið er það eina sem heldur mér gangandi, þá elska ég hvernig hann mætir heiminum á undan mér. Að fela mig á bak við hann. Hvernig hann þaggar niður í fólki. Hvernig hann opnar leið mína, eins og Móses Rauðahafið. Og ég fæ að vera í friði með sjálfri mér.

Þegar púki er í mér elska ég klikk, klikk, klikk, hljóðið sem kemur þegar ég dreg hann upp úr töskunni. Höggið þegar hann lendir á gangstéttinni. Lætin þegar túristarnir á Skólavörðustíg grípa skelfingu lostnir hver um annan og hrópa upp yfir sig: Hún er blind, hún er blind. Á svoleiðis dögum á ég töfrastaf sem leggur heiminn að fótum mér. Og ég rétti úr bakinu, geri óþarflega stórar sveiflur með honum.

Ég hata hann þegar ég er ekki með hann. Þegar fólk hagar sér eins og það að mæta manneskju á förnum vegi sé einhvers konar einvígi og heggur mig niður með öxlum og töskum. Ég hata hann þegar mig vantar hendur. Þegar börn og burðarpokar sliga mig og ég er varnarlaus gegn umhverfinu – gagnvart ykkur sem eruð tillitssöm við fatlað fólk en þegar þið mætið mér staflausri sýnið þið enga miskunn: „Hvað er að þér? Ertu blind?“

Og ég hata hann þegar þið sýnið mér skilning, þegar ég sit hjá á meðan stafurinn minn talar við ykkur. Þegar þið eruð öll af vilja gerð, veitið aðstoð, talið hægt og skýrt. Og allt sem ég geri verður í krafti ykkar. Mín afrek verða til marks um góðmennsku ykkar. Mínir sigrar verða ykkar. Mín barátta verður ykkar heilabrot, minn sársauki ykkar dægrastytting. Ég lifi með honum. Í eins konar sátt. Týni mér smám saman. Í hvert sinn sem ég fatta að ekkert sem ég mun gera eða segja um ævina

mun hafa jafn mikil áhrif á álit ykkar á mér og stafurinn hefur. Alveg sama hvað ég verð eða verð ekki verð ég alltaf hjákona hans. Hann er staðreynd. Ég er það ekki. Svúss, svúss. Og þegar glerþakið hrynur yfir mig og ég á erfitt með andardrátt styð ég mig við hann. Hann er orðinn snúningsmiðja lífs míns. Nagli sem heldur mér uppi en festir mig jafnframt við vegginn. Hann leiðir mig út úr myrkrinu, beint út á jaðar mannlegs samfélags. Hann veitir mér frelsi til þess að verða dæmd. Svoleiðis göngum við í gegnum lífið, ég og stafurinn minn. Aldrei alveg sátt við hvort annað en getum ómögulega skilið að skiptum.
Þetta er flókið.

BRIM

TAXI
HREYFILL
5 88 55 22





# ÉG HEF ALLTAF HAFT Á TILFINNINGUNNI AÐ ÉG VÆRI SJÓNSKERT

**Dagbjört Andrésdóttir er ung söngkona fædd árið 1991 sem hefur vakið athygli. Hún hóf söngnám 10 ára gömul hjá Margréti Pálmadóttur og færði sig svo yfir í skóla hennar, Domus vox. Þaðan lá leiðin í Söngskóla Sigurðar Demetz og þar hefur rödd hennar þroskast í að hljóma fallega sem hár sópran.**

„Ég hef alltaf haft yndi af klassískri tónlist. Foreldrar mínir beindu mér á þá braut. Ég var svo heppin að lenda hjá Margréti Pálma og nú er það Diddú sem hefur tekið við mér og þar verð ég næstu árin.“

**„En hvernig tengist þú Blindrafélaginu?“**
„Ég hef haft á tilfinningunni frá barnæsku að ég væri sjónskert. Það vissi enginn hvað væri að mér, augun í mér virðast vera alveg í lagi, en í skóla var mikil barátta við sumar námsgreinar. Ég var fljót að læra að lesa, allt mömmu að þakka sem leiðbeindi mér og hvatti mig áfram. Og hún las fyrir mig og aðstoðaði eins og hún gat. Ég var svo heppin að hún var kennaramenntuð. Árin liðu og ég lá á netinu og reyndi að finna út hvað væri eiginlega að mér. Svo komst ég í tengsl við samtök á netinu og las greiningu og þá kom í ljós að ég er með heilatengda sjónskerðingu, cortical visual impairment. Þá áttuðum við okkur á að ég ætti rétt á að vera í Blindrafélaginu og ég gekk í það fyrir rúmum þremur árum. Það breytti miklu.“

**„Hvernig lýsir þessi augnsjúkdómur sér?“**
„Augun eru í langflestum tilvikum í lagi, en heilinn vinnur vitlaust úr upplýsingunum. Ég varð fyrir heilaskaða í fæðingu og þetta er ein af afleiðingunum. Það má kannski segja að ég sé svolítið klikkuð.

Mér hefur verið sagt að fæðing mín hafi verið algjört kaos. Ég er fædd tveimur mánuðum fyrir tímann en þá bjuggu foreldrar mínir uppi á Kjalarnesi, úti í sveit. Það var hringt á sjúkrabíl sem var lengi á leiðinni af því að þeir á bílnum fundu ekki húsið sem foreldrar mínir áttu heima í. Og ég var eiginlega alveg á leiðinni í heiminn. Þegar bíllinn hafði keyrt í um 10 mínútur á leið á Landspítalann bræddi hann úr sér í Hvalfirðinum. Þá þurfti að bíða eftir öðrum sjúkrabíl úr bænum. Bílstjórinn hafði vitað að eitthvað væri að en ekki gert neitt í því að láta annan koma á móti sér.
Og eftir langan tíma komst mamma á spítala og var svæfð og ég kom í heiminn á 10 mínútum. Það er sá tími sem tók að ná mér út.
Það var fleira sem skemmdist en tengingin við augun. Það er ákveðin hreyfihömlun hjá mér líka, sérstaklega í vinstri hliðinni. Fæturnir virka ekki alveg eins og þeir ættu að gera.
Í skóla gekk mér almennt vel að læra, sérstaklega voru það lesfög, tungumálanám, félagsfræði og svoleiðis. En stærðfræðin var algjör martröð. Í prófum sá ég ekki rúðurnar, reitina í stærðfræðidæmum. Fólk trúði því ekki að þetta væri svona. Ég sá í rauninni myndir en ég get ekki sagt hvað var á þeim eða lesið úr þeim. Af því að mér gekk vel í hinum fögunum átti mér auðvitað að ganga líka vel í stærðfræðinni. Við þurftum að berjast mikið út af þessu."

**„Hvernig fórstu að með námsefni?"**

„Ég kveikti bara meira ljós ef ég þurfti og það gekk vel að lesa ef stafirnir voru sæmilega stórir. En þegar ég varð þreytt fékk ég einhvern annan til þess að lesa með mér. Mamma sem var kennari hjálpaði mér alveg óskaplega mikið. Mig grunar að hún hafi alltaf vitað að eitthvað var að augunum eða þannig alveg frá því að ég fæddist. Svona fór ég í gegnum allan grunnskólann og menntaskólann og það var ekki fyrr en um tvítugt sem ég fann út að ég hefði átt rétt á að fá námsefni lesið fyrir mig."

**„Segðu mér frá foreldrum þínum."**

„Mamma hét Þóra Stephensen og vann sem kennari uppi á Kjalarnesi þegar við bjuggum þar. Síðast var hún aðstoðarskólastjóri í Grafarholtinu. Pabbi minn, Andrés Svavarsson, var rekstrarstjóri og slökkviliðsstjóri Reykjavíkur á Kjalarnesi."

**„Hvernig gekk þér félagslega í skóla?"**

„Grunnskólinn var svolítið erfiður af því að ég varð fyrir svo miklu einelti vegna þess að ég var öðruvísi. Það var alveg frá því að vera frá smáorðaskaki og upp í líkamlegt. En þegar ég kom í menntaskóla hætti þetta alveg."

**„Hvernig varstu öðruvísi?"**

„Það var hreyfigetan, hugsun og sjón. Ég var aldrei ein af hópnum. Ég átti fáa vini og var alltaf ein, t. d. í frímínútum og hádegishléum. Í menntaskóla eignaðist ég nokkrar frábærar vinkonur sem ég er enn í sambandi við. Þær hreinlega björguðu mér."

**„Var tekið tillit til þín hvað námsefni varðar?"**

„Ég fékk undanþágu frá stærðfræði og eðlisfræði og tók fleiri áfanga í tungumálum og félagsfræði til þess að geta lokið stúdentsprófi."

**„En leituðuð þið aldrei til Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvarinnar eða Hljóðbókasafnsins?"**

„Okkur datt ekki í hug að sjónskerðingin væri svo mikil að ég ætti rétt á þessari þjónustu og það var ekki fyrr en ég var að klára stúdentinn sem við uppgötvuðum hvað gengur að augunum í mér.
Mamma kom einn daginn heim úr skólanum og sagðist vita hvað gengi að mér í augunum. Hún sagði frá barni sem hafði komið í skólann og væri með heilatengda sjónskerðingu og lýsingin passaði alveg við mig. Við fórum svo til augnlæknis og þar fékk ég þetta staðfest."

**Tegund sjónskerðingar staðfest**

„Ég fór á netið og leitaði og leitaði. Loksins fann ég fésbókarhóp bandarískra foreldra sem áttu börn með heilatengda sjónskerðingu. Í gegnum hópinn frétti ég af konu sem er sérkennari, Christine Roman-Lantzy, en hún kennir sjónskertum börnum og starfar aðallega í Pittsburgh. Svo makalaust sem það var, þá vildi hún hitta mig af því að hún var á leið til Íslands í frí. Hún spurði mig alls konar spurninga og bauð mér svo til Bandaríkjanna á ráðstefnu hjá þessum samtökum þar sem hún sagði sögu mína. Christine er stærsta nafnið




í þessum geira, svona eins og Elvis Presley í popptónlistinni. Þau borguðu allt fyrir mig þannig að ég fór til Omaha í Nebraska í júní 2017.

Á ráðstefnunni var ég með henni uppi á sviði og hún spurði mig um líf mitt og sjónskerðinguna og þetta var í fyrsta sinn sem einhver með þessa sjónskerðingu kom á svona ráðstefnu. Þarna var fullt af fólki, foreldrar, læknar og fleira sérhæft fólk.“

**„Það hlýtur að hafa breytt miklu fyrir þig að komast í þennan hóp.“**

„Já. Ég var búin að vera í sambandi við þetta fólk í nokkra mánuði áður en ég fór út. Það spurði mig um hitt og þetta varðandi líf mitt og kannski getur það hjálpað til þess að meta hvernig börn þeirra geta  tekist á við þetta í framtíðinni.“

**„Hefurðu velt fyrir þér hvað er hægt að gera hér á landi?“**

„Mig langar að reyna að koma á fót einhverri ráðstefnu. Það er áreiðanlega fullt af fólki þarna úti sem er að pæla í þessum hlutum.“

Dagbjört varð fyrir því að missa báða foreldra sína með stuttu millibili. Pabbi hennar lést árið 2013 og móðir Dagbjartar lést á síðasta ári, vorið 2018.

„Hreinskilnislega sagt var þetta óskaplega erfitt. Ég á einn eldri bróður. Mamma orðaði það sem svo að maður mætti bogna en ekki brotna. Lífið heldur áfram og ég held áfram í söngnáminu. Auk þess er ég komin í ítölskunám í Háskóla Íslands og er að ljúka því.“

**„Geturðu lesið nótur?“**

„Nei, það er sama með þær og myndir. Ég sé nóturnar en get ekki sagt hvað er á þeim. Eins og er í tónlistarnáminu legg ég allt á minnið. Ég er að skoða hvort punktaletursnótur geti hentað mér.“

Blaðamaður kveður Dagbjörtu og kemst að því í leiðinni að þau eru nokkuð skyld í móðurætt. Dagbjört er dæmi um manneskju sem lætur ekki ýmsar hindranir stoppa sig heldur stefnir ótrauð að settu marki, ætlar að verða óperusöngkona. Og blaðamaður veit að þar mun hún ná langt.

-Gísli Helgason

SMYRIL LINE CARGO
THE NORTH ATLANTIC LINK

112
EINN EINN TVEIR



# BEYONCÉ BRÝTUR Á BLINDUM

Kona að nafni Mary Connor í New York hefur hafið málsókn á hendur söngkonunni Beyoncé vegna skorts á aðgengi á vefsvæði hennar. Mary er lögblind og hefur að eigin sögn verið aðdáandi Beyoncé um árabil, en hefur ekki geta nýtt sér þjónustu vefsvæðis hennar til jafns við aðra ófatlaða aðdáendur. Þetta snýst um skort á aðgengi, eða einfaldlega að vefsvæðið sé hannað þannig að það styðji við þann stoðbúnað sem fatlaðir nota eins og t.d. talgervil. Þetta er ekki flókin framkvæmd og þarf ekki að vera dýr ef hugað er að aðgengi fatlaðra frá upphafi. Mary nefnir í málsókn sinni að tónlist hafi einmitt þann eiginleika að jafna stöðu fólks og það sé því ekki í anda tónlistar að mismuna fólki á þennan hátt. Vefsvæði Beyoncé er auðvitað annað og meira en heimasíða söngkonu, þar sem vörumerki og fyrirtæki henni tengd eru gríðarstórir og fjársterkir aðilar sem veita fjölþætta þjónustu. Þar má nefna tónlist, tónleika, fatalínuna Ivy Park og ilmvatn af ýmsu tagi. Samkvæmt lögum um aðgengi í Bandaríkjunum sem sett voru 1990 er þjónustuveitanda ekki heimilt að mismuna fólki á grundvelli fötlunar. Það hefur verið túlkað á þann veg að það nái yfir vefsvæði og þá þjónustu sem boðið er upp á í gegnum vefinn. Það er því allt eins víst að söngkonan fræga verði dæmd til þess að breyta vefsvæði sínu og margir innan blindrasamfélagsins vestra klóra sér í höfðinu yfir því að hún hafi ekki bara kippt þessu í lag áður en kom til málsóknar.

-Rósa María

advania

Akureyrarbær



# TÖLVUSJÓN

**Nú fleygir tækninni fram, bílar farnir að keyra sjálfir og ísskápar panta mjólk a internetinu. Þá er ekki skrýtið þótt kona velti fyrir sér hvort það sé ekki hægt að kippa þessu sjónleysi í lag. Og jú, það eru vissulega komnar nokkrar lausnir – misnothæfar**

## Það sem allir eiga

Öll tölvusjón byggir á myndavélatækni og nú er svo komið að allir eru með myndavél í vasanum. Hana er auðvitað hægt að nota til þess að „sjá“ með. Fyrir sjónskerta eru nokkur einföld atriði sem nýtast vel, líkt og stækkun í sjálfri myndavélinni. Svo er hægt að snúa litum við sem nýtist sumum. Þar að auki er hægt að senda mynd á félaga til þess að fá upplýsingar. Þannig er hægt að taka mynd af bleyjupakka í Bónus, senda á tengilið í símanum og spyrja hvort þetta sé rétt stærð. Allt er þetta hægt á hvað síma sem er án nokkurs stoðbúnaðar. Svo er hægt að ná í fjöldann allan af smáforritum í símann, eins og t.d. BeMyEyes sem tengist myndavélinni í símanum og gerir notandanum kleift að tengjast sjálfboðaliða sem aðstoðar hann í gegnum síma. Þannig er hægt að fá aðstoð við flestallt, stilla þvottavél, lesa uppskrift eða finna rétta leið yfir götu. Svo eru forrit á borð við Envision sem með talgervli geta lesið texta á myndum úr myndavél símans. Þannig er hægt að beina símanum að prentuðu letri og láta forritið lesa fyrir sig.

Hringdu

das HRAFNISTA
Laugarás | Hraunvangur | Boðaþing
Nesvellir | Hlévangur | Ísafold | Sléttuvegur

### Sérhannaður búnaður

Undanfarin ár hafa komið á markað nokkrar lausnir sem nýta möguleika stafrænna myndavéla og setja þær á nef notanda. Þá er hugmyndin að notandi horfi í gegnum myndavél þegar ferðast er um heiminn. Hægt er að stilla nauðsynlega stækkun, liti og birtu. Þetta hentar vel sjónskertum sem enn hafa nógu mikla sjónrest til þess að ná að sjá nógu mikið af myndavélinni. Vandinn við að setja myndavél og skjá á nef fólks er allt stússið sem fylgir því. Þetta eru enn sem komið er þungar lausnir sem þarf að festa með bandi um hnakkann og hitinn sem tækin gefa frá sér er töluverður. Þetta er því ekki beint eitthvað sem maður grípur í ef maður ætlar að skokka út í sjoppu. En möguleikirnir eru miklir og miklar líkur á að búnaðurinn verði meðfærilegri á næstu árum. Tvö fyrirtæki hafa tekið forystu í þessu, annars vegar kanadíska eSight(sjá mynd) og hins vegar japanska NuEyes.

### Ígræðsla á búnaði

Fyrir þá sem eru með sjóntaugina í lagi en ónýt augu hafa verið þróaðar ígræðslulausnir. Þá er flögu komið fyrir í auga sem getur sent boð gegnum sjóntaug til heilans og hún tekur við boðum frá myndavél sem notandi þarf að bera í t.d. gleraugum. Nokkur fyrirtæki á markaði bjóða þessa lausn sem hentar þeim sem misst hafa nærri alla sjón en hafa enn virkni í auga. Bestu kostir á markaði gefa sjón með 60–150 rásir, sem myndi teljast mjög lág upplausn og hentar eingöngu til þess að sjá útlínur hluta. En þróunin hér er líka á fullu og talað er um að næsta kynslóð ætti að gefa fólki lessjón. Helstu aðilar á markaði eru Second Sight með Argus II (sjá mynd) og Bionic Vision System með IRIS II.

Ef spurningin er hvort blindir og sjónskertir geti bætt sér upp sjónmissi með tölvubúnaði er svarið … eee kannski. Þetta eru allavega spennandi tímar og margt í gerjun, en eins og er er engin einföld lausn sem lagar sjónleysi.

-Rósa María





netto

SORPA
ÁRANGUR Í UMHVERFISMÁLUM



# ER ÍSLAND TILBÚIÐ FYRIR VEFAÐGENGI?

**Nú á sér stað þróun lagaumhverfis á Evrópska efnahagssvæðinu sem tryggja á jafnrétti og aðgengi á veraldarvefnum. Sambærileg löggjöf hefur verið til staðar í Bandaríkjunum frá 1990 sem tryggir fötluðum jafnan rétt til aðgengis að vörum og þjónustu alls staðar – líka á netinu.**

Frumkvæðið að Evrópulöggjöfinni er annars vegar þrýstingur frá hagsmunasamtökum fatlaðra og hins vegar til þess að tryggja jafna samkeppni á Evrópska efnahagssvæðinu þar sem krafa um aðgengi að þjónustu á netinu var orðin svo háværað ætla mátti að aðildarlöndin myndu setja sína eigin löggjöf. Eitt af aðalmarkmiðum Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins er að koma í veg fyrir viðskiptahindranir innan svæðisins. Ef Belgía setur eina löggjöf og Spánn aðra var fyrirséð að það gæti skapað óvissu og hindranir fyrir fyrirtæki sem starfa innan þessa svæðis. Því var áhersla lögð á að skapa eitt heildstætt lagaumhverfi sem myndi hafa jöfn áhrif á allt svæðið og þannig vernda viðskiptafrelsi innan Evrópu.

### Lífsnauðsyn

Rafrænt aðgengi fyrir blinda og sjónskerta er í dag orðið lífsnauðsyn. Flestöll þjónusta er í dag komin í einhvers konar netumhverfi, hvort sem það eru skil á skattskýrslu, rafrænar íbúakosningar eða bankaþjónusta. Þar að auki er flestöll afþreying komin í sama farveg og það er t.d. ekki hægt að kveikja á sjónvarpi án þess að vera nettengdur og jafnvel fara í gegnum einhvers konar valmynd. Með þessum

VÍNBÚÐIN

NÓI SÍRÍUS

öru breytingum hefur því margt sem áður var nokkuð aðgengilegt orðið óaðgengilegra. Einföldustu hlutir eins og að fara í banka, borga í stöðumæli eða leigja bíómynd geta orðið blindum og sjónskertum óyfirstíganleg verkefni.

Óaðgengilegt rafrænt umhverfi er hins vegar ekki náttúrulögmál. Þvert á mótir er rafræni heimurinn í grunninn miklu aðgengilegri en raunheimur. Með talgervli og stækkun er hægt að fara um vefinn og sækja sér þá þjónustu sem maður þarf og þannig býður rafrænt umhverfi upp á mun fleiri möguleika á sjálfstæði en raunheimar. Það þarf ekki að brúa gljúfur, moka snjó eða raska við eldgömlum arkitektúr – þetta er bara spurning um forritun. Og ófatlaðir notendur verða einskis varir og þannig geta allir notað sömu þjónustu.
Þetta krefst þess hins vegar að forritarar vinni vinnuna sína vel, að þeir skili vönduðu og aðgengilegu vefumhverfi. Sú hefur því miður ekki alltaf verið raunin þar sem þessi mál eru ekki ofarlega á dagskrá þegar verið er að leggja grunn að nýrri vefþjónustu. Þess vegna hefur það sýnt sig að ný löggjöf er nauðsynleg til þess að leiðbeina og setja staðla en líka til þess að gefa fötluðum tækifæri til þess að sækja rétt sinn ef fyrirtæki og forritarar bregðast skyldum sínum.

## Dæmt um skort á aðgengi

Eins og fram kom í Viðskiptablaðinu 16. janúar í ár var fyrirtækið Dominos Pizza nýlega sakfellt á Bretlandi og gert að breyta vefþjónustu sinni og smáforriti svo það væri aðgengilegt fyrir blinda. Upphaf málsins var að blindur maður gat ekki klárað pöntun með aðstoð talvervils og fór í kjölfarið i mál við fyrirtækið. Með tilkomu nýs lagaumhverfis er viðbúið að slíkum málum fjölgi og það verði enn mikilvægara fyrir fyrirtæki að tryggja að allir hafi jafnan aðgang að vörum þeirra, tilboðum og þjónustu.

## Lagaumhverfi í mótun

Lög um rafrænt aðgengi á Evrópska efnahagsvæðinu koma í tveim áföngum. Fyrri hlutinn snýr að opinberum vefum og gerir kröfu um að þeir verði lagaðir að aðgengisstöðlum fyrir ákveðinn frest og að nýir vefir verði aðgengilegir frá upphafi. Seinni hlutinn snýr að einkageiranum og gerir svipaðar kröfur. Fyrri hlutinn, sá sem snýr að hinu opinbera,







er nú þegar kominn í gegnum Evrópuþingið og er á leið til Íslands gegnum EES-samstarfið. Seinni hlutinn hefur verið fullunninn og er kominn úr nefnd og nú liggur fyrir að Evrópuþingið greiði atkvæði um hann í mars í ár. Í kjölfarið mun hann svo einnig taka gildi hér á landi sem hluti af EES-samstarfinu.

**Hvað með Ísland?**

Það er því nokkuð ljóst að þessi löggjöf er á leið hingað til lands, þó að það taki lengri tíma en það tekur fyrir löggjöfina að taka gildi í aðildarlöndum Evrópusambandsins. Fyrsta átakið verður fyrir hið opinbera að tryggja að vefsvæði þess fylgi stöðlum og í kjölfarið mun einkageirinn þurfa að fara í gegnum svipað ferli. En þeir aðilar sem starfa innan ESB, selja vörur og þjónustu innan Evrópusambandsins, þurfa hins vegar að hafa hraðar hendur til þess að uppfylla kröfuna um leið og hún tekur gildi.

**Hvað er til bragðs að taka?**

Margir þeirra sem sinna vefsvæðum hafa takmarkaða eða litla þekkingu á því hvernig skuli laga vefsvæði að þessum kröfum. Oft sinna starfmenn fyrirtækja bara takmörkuðum verkefnum innan vefkerfa og allar breytingar á sjálfum kerfunum krefjast mikilla og kostnaðarsamra aðgerða sem oft er erfitt að hafa yfirsýn yfir þar sem utanaðkomandi aðili stýrir ferlinu. Margir hérlendis búa við svokallaðar „bílskúrslausnir“ þar sem heimasíða eða vefsvæði hefur verið sérsmíðað í einstaklingsframtaki og það er undir þeim einstaklingi komið að innleiða staðlana og sinna viðhaldi. Og jafnvel í þeim tilfellum þar sem stjórnendur treysta á stærri aðila á markaði, vefhönnunarfyrirtæki sem hafa fjöldann allan af viðskiptavinum og faglegum ferlum, er aðgengi fyrir blinda og sjónskerta í skötulíki.

**Vandinn**

Vandinn er tvíþættur. Annars vegar dettur aðgengið upp fyrir í hönnunarferli vegna skorts á faglegum sjónarmiðum og vinnubrögðum. Hins vegar geta jafnvel fullkomlega aðgengileg vefsvæði orðið ómöguleg vegna skorts á viðhaldi eða vegna kunnáttuleysis hjá þeim sem setja þar inn efni frá degi til dags.

**Lausnir**

Lausnirnar eru til. Það er hægt að sækja ráðgjöf við gerð vefsvæða hjá bæði Blindrafélaginu og fyrirtækinu Sjá. Þannig er hægt að tryggja að

olís

HB GRANDI

áherslur séu réttar frá upphafi. Blindrafélagið skipuleggur námskeið og málstofur og hægt er að láta Sjá sinna úttektum og öðru slíku. En besta varanlega lausnin á markaði í dag kemur frá fyrirtækinu Siteimprove. Það býður upp á vefumsjónarkerfi sem fylgist með aðgengi á vefsvæðum og lætur vefstjóra vita þegar eitthvað bjátar á. Siteimprove býður einnig upp á námskeið og málstofur fyrir fagfólk til að kynna sér lausnir.

### Aðgengi er lykillinn

Ástæða þess að aðgengiseftirlit er hluti af þeirri lausn sem Siteimprove býður upp á er ekki bara mannréttindasjónarmið. Gott aðgengi á vefsvæði er hluti af leitarvélabestun og styrkir þannig samkeppnisstöðu fyrirtækja. Leitarvél Google er blind og beitir þannig að einhverju leyti sömu aðferðum til þess að fara um netið og blindur einstaklingur. Þar með hnýtur hún líka um sömu vandamál og dregur skortur á aðgengi þar með niður þegar heildareinkunn vefsvæðis er reiknuð út. Staðsetning á Google-leitarvélinni er einn mikilvægasti vettvangur fyrir þjónustu. En það er ekki bara leitarvélabestun sem hangir á spýtunni, lausnir á borð við Vefþulu Blindrafélagsins gefa stofnunum og fyrirtækjum fjölmörg ný tækifæri til þess að þjónusta viðskiptavini sína. Þó að blindir og sjónskertir séu fámennur hópur er sá hópur sem glímir við lestrarörðugleika stór. Og enn fremur getur Vefþula nýst fólki í ýmsum aðstæðum þar sem óhentugt er að lesa og tilvalið að geta ýtt á takka til að fá þær upplýsingar sem maður vill nálgast.

### Um Siteimprove

Siteimprove er heildarlausn sem aðstoðar við utanumhald um vefinn, allt frá því að finna brotna hlekki og stafsetningarvillur yfir í að finna villur í aðgengismálum og aðstoða við leitarvélabestun. Siteimprove hjálpar til við að betrumbæta vefinn og veita öllum notendum góða notendaupplifun með aðgengilegu efni á vefnum. Með tilkomu reglugerðar Evrópusambandsins (EU´s Web Accessibility Directive) um aðgengilega vefi er nauðsynlegt að uppfylla staðalinn WCAG 2.1 þegar kemur að aðgengismálum á vefnum.

### Um vefþuluna

Blindrafélagið er í samstarfi með fyrirtæki sem heitir ReadSpeaker með vefþululausn. Vefþulan heitir webReader á ensku. Með því að bæta vefþulu við heimasíðu birtist Hlusta-hnappur við hlið texta á síðunni. Þegar þrýst er á hann hefst samstundis lestur. Vefþulan lýsir upp þau orð sem hún les hverju sinni, en slíkur stuðningur hentar bæði lesblindum og þeim sem eru að læra málið. Vefþulan nýtist einnig þeim sem af einhverjum ástæðum eiga erfitt með að lesa á skjáinn vegna t.d. birtuskilyrða eða í akstri. Vefþulan býður þannig upp á alhliða aðgengislausnir fyrir stóran hóp fólks sem hefur lítinn eða takmarkaðan aðgang að prentuðum texta.

Þú getur skoðað hvernig vefþulan virkar á heimasíðu Blindrafélagsins www.blind.is.

-Rósa María

Stækkunarglerslampar










Vandaðir stækkunar-glerslampar í föndur og fína vinnu.
Góð birta.

Glóey – gerir lífið bjartara

Ármúla 19 · Sími 568 1620 · www.gloey.is · gloey@gloey.is



# FÁ BLINDIR HLJÓÐSÝN?

**Evrópska rannsóknarverkefnið Sound of Vision, sem vísindamenn við Háskóla Íslands hafa haft forystu um og hefur það að markmiði að auðvelda blindum og sjónskertum að skynja umhverfi sitt, hlaut á dögunum Nýsköpunarverðlaun Evrópusambandsins.**

Sound of Vision verkefnið hefur staðið yfir undanfarin þrjú ár en það hlaut alls 4 milljóna evra styrk úr rannsóknaráætlun Evrópusambandsins, Horizon 2020, árið 2015. Verkefnisstjóri þess er Rúnar Unnþórsson, prófessor við Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild, en auk hans komu Árni Kristjánsson, prófessor við Sálfræðideild, og hópur nýdoktora, doktorsnema og rannsóknarmanna innan skólans að verkefninu ásamt Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu, ásamt verkfræðingum frá háskólum og stofnunum í fjórum öðrum Evrópulöndum, Rúmeníu (University Politehnica of Bucharest), Ítalíu, Póllandi og Ungverjalandi.

Hópurinn hefur þróað hátæknibúnað sem ætlað er að hjálpa þeim sem ekki hafa skynfæri á borð við sjón að skynja umhverfi sitt. Meðal búnaðarins sem þróaður hefur verið er skynbelti sem sett er utan um mitti notandans þar sem það nemur upplýsingar úr umhverfinu og miðlar þeim til notanda fyrir tilstilli lítilla mótora sem titra, hver með sínu lagi ef svo má segja. Beltið nýtist einnig þeim sem einhverra hluta vegna geta ekki notað hefðbundin skynfæri tímabundið. Það getur átt við starfsfólk í ýmsum aðstæðum, eins og við reykköfun eða öryggisgæslu í hávaða. Þess má geta að aðstandendur Sound of Vision hlutu 2. verðlaun fyrir skynbeltið í samkeppni um Hagnýtingarverðlaun Háskóla Íslands á síðasta ári:
Þróun búnaðarins hefur verið unnin í góðu samstarfi við blint og sjónskert fólk hér á landi og stefnt er að því stofna sprotafyrirtæki

World Class ICELAND
wise

í kringum hugmyndina á næstunni með það fyrir augum að koma búnaðinum í almenna notkun.

Hugmyndin á bak við verkefnið er að nota hljóð og titring til þess að upplýsa blindan eða sjónskertan einstakling um nærumhverfi sitt svo að viðkomandi eigi auðveldara með að fara um og ná áttum. Þannig fær notandi bæði belti um sig miðjan og heyrnartól sem gefa frá sér annars vegar titring og hins vegar hljóðmerki til þess að lýsa aðstæðum.
Titringurinn veitir upplýsingar um hvorum megin við einstakling fyrirstaðan er og hljóðið gefur upplýsingar um stærð og nálægð hlutarins. Þannig ætti notandi að geta greint tröppur, veggi og aðra hluti umhverfisins með því að kunna að túlka merki frá tækjunum.
Til að hægt sé búa til þessi merki þarf notandinn að vera með myndavélar framan á sér sem mynda þrívíddarkort af umhverfinu. Þar að auki þarf tölvubúnað sem notandi ber í bakpoka, til að vinna úr gögnum frá myndavélunum og breyta þeim í merkin. Frumgerðin er því ansi umfangsmikil í notkun, en forsvarsmenn verkefnisins lofa að búnaðurinn muni minnka með þróun eins og tilfellið er með flestan slíkan búnað.

Vísindin á bakvið Hljóðsýn eru ekki ný af nálinni en hafa á undanförnum árum og áratugum verið styrkt með fleiri rannsóknum og prófunum. Heilabörkurinn hefur sýnt sig að vera mun sveigjanlegri en fræðin gerðu ráð fyrir og ekki eins skilyrtur og fyrr var haldið. Þannig er svokallaður sjónbörkur ekki bara frátekinn fyrir sjón, heldur getur hann notað boð frá öðrum skynfærum til að mynda yfirsýn yfir aðstæður.



Forsenda fyrir þessum rannsóknum er að skilningur á því að blinda/sjónskerðing sé ekki heilaskaði eða vanvirkni í heila. Það á eingöngu við um heilatengda sjónskerðingu þar sem heilaskaði orsakar vanda við úrvinnslu á sjónboðum. Í langflestum tilfellum er orsök sjónleysis bilun í augum, að þeir hlutar augans sem nema ljós og senda áfram til heilans séu af einhverri ástæðu óvirkir. Það hefur áhrif á heilann því að hann þarf þá að sækja sambærilegar upplýsingar frá öðrum skynfærum. En það minnkar ekki getu heilans til að vinna úr upplýsingum. Markmið þessa verkefnis er því að bæta upplýsingagjöf til heilans, að gefa honum betri gögn að vinna með svo að notandinn geti komist að öruggari niðurstöðu um staðsetningu sína og umhverfi. Tækjabúnaðurinn er í sjálfu sér ekki nauðsynlegur þar sem dæmi eru um að einstaklingar hafi þróað aðferðir til að hámarka skynjun sína á umhverfi alveg án notkunar tækjabúnaðar. Eitt dæmi er Bandaríkjamaðurinn Daniel Kish sem notar

ÍSTAK

icepharma
Bætt líðan · Betra líf

bergmál frá umhverfinu til þess að gefa heilanum færi á því að mynda sér yfirsýn. Þessi tækni hefur verið kölluð echolocation og hún hefur verið notuð við umferliskennslu, t.d. hér á landi.

Þar að auki hefur t.d. verið þróuð lausn fyrir blindan klifurkappa þar sem upphleypt merki á málmplötu undir tungunni gefa mynd af umhverfinu. Þar er stuðst við sömu grunnrannsóknir sem sýna að þeir sem læra punktaletur snemma á ævinni geta virkjað sjónbörkinn við lestur sem er enn eitt dæmi um sveigjanleika heilastarfseminnar.

Það er þrálát þjóðsaga að blindir heyri betur en aðrir. Staðreyndin er sú að margir glíma við samþætta sjón- og heyrnarskerðingu. Þeir hrörnunarsjúkdómar sem leggjast á sjón geta sumir hverjir lagst á heyrnina líka og sjónskerðingin er ásamt heyrnarskerðingu hluti af öldrunarferli. Þeir sem hafa góða heyrn geta nýtt hana betur en sjáandi gera en hún verður ekki betri en hún er fyrir sjónmissi. Fyrir þann hóp sem á við samþætta sjón- og heyrnarskerðingu er ekkert gagn af echolocation. En sá hópur gæti mögulega í framtíðinni nýtt sér titringsbelti eins og það sem var hannað í þessu verkefni.

Það er líka staðreynd að sveigjanleiki heilans minnkar með aldri og kyrrsetu. Endurhæfing getur því verið mikil áskorun fyrir þann stóra hóp sem missir sjón af aldurstengdum ástæðum og hér gæti þetta verkefni átt vel við. Samhliða verkefninu var þróaður sýndarveruleiki sem hugsaður er sem þjálfunarumhverfi fyrir þá sem ætla að nota búnaðinn og það getur verið einstaklega hentugt í umferlisþjálfun fyrir blinda og sjónskerta að hafa aðgang að öruggu umhverfi til þess að æfa sig í, hvort sem lokamarkmiðið er að nota þennan búnað eður ei.

Mikilvægasta niðurstaðan fyrir blinda og sjónskerta úr þessu stóra verkefni er hins vegar skilgreiningin á vandanum, það að sjónskerðing hafi verið skilgreind sem „tæknilegt“ vandamál, að litið hafi verið framhjá fordómum og þjóðsögum og áherslan lögð á vísindalega nálgun á vandanum. Það ryður brautina fyrir betri lausnir fyrir þennan hóp.

Umræðan í kringum þennan búnað hefur því miður á köflum einkennst af vanþekkingu á aðstæðum blindra og sjónskertra. Það er auðvitað ekki þannig að blindir og sjónskertir sitji heima og bíði eftir lausnum. Þeir u.þ.b. 1.500 einstaklingar á Íslandi sem skráðir eru sjónskertir eða blindir eru virkir þátttakendur í samfélaginu, sem hafa flestir átt möguleika á að fá þá endurhæfingu sem þarf til þess að læra að ferðast á milli staða. Blindir og sjónskertir stunda nám, vinnu, stofna fjölskyldur og stunda tómstundir. Þannig er langmikilvægast að hönnuðir og arkitektar taki tillit til þeirrar staðreyndar í sinni vinnu og tryggi öryggi og aðgengi að öllu manngerðu umhverfi. En svo má ímynda sér að hjálpartæki á borð við það sem var þróað í þessu verkefni geti orðið hluti af því fjölbreytta úrvali af hjálpartækjum sem blindum og sjónskertum standa til boða.

Og þó að það sé erfitt að sjá fyrir sér að ungir blindir og sjónskertir sem búa við annars góða heilsu geti nýtt sér þessa lausn eins og hún birtist okkur í dag munu rannsóknirnar og hliðarafurðir nýtast öllum sem búa við skerta sjón.

-Rósa María

tannlæknavaktin

FASTUS
FASTUS ehf.
Síðumúli 16 I 108 Reykjavík I Iceland
Tel: (+354) 580 3900
fastus@fastus.is I www.fastus.is
2016 Framúrskarandi fyrirtæki





# DICKENS OG KELLER

Til voru ýmsar aðferðir til að afla sér upplýsinga áður en veraldarvefurinn kom til sögunnar. Ein leið var að lesa bækur. Árið 1842 ferðaðist Charles Dickens til Bandaríkjanna og gaf í kjölfarið út American Notes for General Circulation, sem var ferðalýsing og lýsing á staðháttum þar vestra. Bókin olli Dickens miklum vandræðum, m.a. vegna lýsinga hans á bandarísku borðhaldi og menningu. Lesendur hans í Bandaríkjunum voru ekki par ánægðir með þær myndir sem Dickens dró upp af óhefluðum og illa siðuðum löndum sínum. En það er ekki það eina sem Dickens skrifaði um, hann hafði alla tíð mikinn áhuga á félagsmálum og gerði sér t.d. sérstaka ferð til þess að skoða blindraskóla Perkins. Perkins-skólinn varð bylting fyrir blinda Bandaríkjamenn sem gátu stundað nám vegna nýstárlegra menntaaðferða. Dickens lýsti þessu öllu skilmerkilega í bók sinni. Meðal lesenda voru Keller-hjónin, en árið 1880 eignuðust þau litla stúlku sem var með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu. Sú stúlka átti eftir að vaxa úr grasi og verða ein helsta baráttukona fatlaðra á 20. öld: Helen Keller. En það voru skrif Dickens sem sannfærðu foreldra hennar um að hún ætti möguleika á að mennta sig og lifa sjálfstæðu lífi.

-Rósa María

Domino's
Góa
Stofnað 1968




# LEFFE, LUBBI OG LABAN

**Þann 21. nóvember 2018 afhenti Blindrafélagið notendum þrjá nýja leiðsöguhunda. Árið 2008 komu fjórir norskir hundar hingað til lands og markaði það upphaf leiðsöguhundaverkefnis sem nú hefur úthlutað 12 hundum í allt.**

Allir hundarnir eru keyptir af Blindrafélaginu og svo afhentir hinu opinbera til umsjónar og úthlutunar. Í allt má gera ráð fyrir að Blindrafélagið hafi fjárfest um 80 milljónum í leiðsöguhundaverkefninu og þar hafa bakhjarlar Blindrafélagsins, Lionshreyfingin, Blindravinafélagið og allir þeir sem kaupa leiðsöguhundadagatal Blindrafélagsins lyft grettistaki.

Það voru þau Þorkell Jóhann Steindal, Elín Ýr Arnar Hafdísardóttir og Krzysztof Jerzy Gancarek sem fengu hund að þessu sinni og eru þau öll komin í þjálfun með sinn hund.

Hundarnir Leffe, Lubbi og Laban eru fæddir og uppaldir í Svíþjóð og eru í raun fullþjálfaðir þar. Fyrir eru fimm virkir hundar á Íslandi og nú bætast þessir þrír við. Til að sinna samþjálfun og aðlögun hefur Björk Arnardóttir verið ráðin hundaþjálfari hjá Þjónustu- og þekkingarmiðstöð og fær hún aðstoð frá Ingimundi Magnússyni.

Það getur verið flókið að þjálfa góðan leiðsöguhund. Þeir þurfa að upplagi að vera bæði ákveðnir og auðveldir, nógu áræðnir til þess að fara með eiganda sinn yfir götu og nógu ljúfir til þess að geta legið stilltir þegar notandinn er ekki á ferðinni.

Svíar hafa fullkomnað ræktun á þessum hundum og Blindrafélagið hefur nýtt sér það og keypt hunda frá sænskum leiðsöguhundaræktendum. Þeir þurfa að standast öll próf úti í Svíþjóð svo tryggt sé að þeir séu nothæfir sem leiðsöguhundar. Þeir þurfa að standast heilsupróf, eru geldir eða teknir úr sambandi og fá allar nauðsynlegar bólusetningar.

Notendur á Íslandi sækja um leiðsöguhund, fara í gegnum viðtal þar sem skoðað er hvernig hundur myndi henta, hvernig heimilisaðstæður eru og hversu mikið hundurinn myndi nýtast notendum. Þeir sem eru samþykktir og fá hund eru svo paraðir við þann hund sem hentar þeirra aðstæðum best. Svo hefst samþjálfun sem getur verið langt ferli, þar sem notandi þarf að læra að treysta hundinum og hundurinn þarf að læra á skipanir og háttalag nýs eiganda.

**Ekki trufla hundinn!**

Leiðsöguhundar eru vinnudýr, þegar þeir fylgja eiganda sínum eru þeir uppteknir af því að skima umhverfi sitt til þess að geta leiðbeint manneskjunni sinni. Hundarnir hafa misgóða einbeitingu og eru á mismunandi stað í þjálfunarferlinu. Allt kjass, klapp og gláp getur gert það að verkum að hundurinn fipast eða lærir óæskilega hegðun og þá getur verið erfitt að leiðrétta hegðun hans. Þegar hundarnir eru að vinna eru þeir með sérmerkt hvítt beisli. En jafnvel þegar þeir eru það ekki er það auðvitað kurteisi að spyrja eigandann um leyfi áður en maður fer að gæla við hundinn.

**Mega vera alls staðar!**

Leiðsöguhundar eru ekki sambærilegir öðrum dýrum, a.m.k. ekki samkvæmt lögum, og því mega hundarnir fylgja eigendum sínum hvert sem þeir fara, t.d. í matvörubúð, sundlaug og strætó. Það má ekki rukka aukagjald fyrir hundinn, t.d. í leikhús eða rútu, og íbúar í fjöleignarhúsum hafa ekki andmælarétt ef nágranni þeirra fær sér leiðsöguhund. Hundarnir eru sérþjálfaðir til þess að ráða við allar aðstæður og eru í miklu og reglulegu eftirliti hjá dýralækni til þess að gæta fyllstu varúðar.

**Vistarband**

Það er einn annmarki á ferðafrelsi leiðsöguhunda og hann varðar ferðalög milli landa. Erlendis geta blindir og sjónskertir tekið hundinn með sér í t.d. vinnuferðir eða fjölskyldufrí. Þeir veita eigendum sínum aukið öryggi í ókunnum aðstæðum og geta þannig tryggt ferðafrelsi þeirra en vegna strangra laga hérlendis um innflutning á dýrum geta leiðsöguhundar enn sem komið er ekki ferðast til og frá landinu án þess að sæta sóttkví. Slík sóttkví getur haft verulega neikvæð áhrif á þjálfun og líðan hundanna og því er ekki boðlegt að bjóða þeim upp á það. Blindrafélagið reynir að vinna með stjórnvöldum að því að losa um þetta vistarband.

-Rósa María



TBG ehf.

Erna hf



# SJÓNSKERT UNGLINGSÁR FYRIR HÁLFRI ÖLD.

**Endurminningabrot Rósu Ragnarsdóttur**

„Hvort viltu epli eða appelsínu?“ var spurt í byrjun leiks. Það veltur á svarinu í hvoru liðinu þú lendir. Það var betra að nota þessa aðferð en að kjósa í lið því að þá varstu alltaf valinn síðastur.

„Heyrðu! Lestu með nefinu?“ er spurt. Já, ég fæddist þannig. „Ertu þá ekkert að nota augun?“ Jú, líka, þegar ég er að leika mér.

Skólinn er að verða búinn. Annar bekkur í gaggó, hvað á að gera í sumar? Ætli maður fái einhverja vinnu! Sumir fá vinnu í sjoppu, á kaffihúsi eða í gróðurhúsum, ég fer líklega að passa krakka eða þrífa einhvers staðar, kannski er það bara ágætt. Þá fæ ég frí um helgar og missi ekki af neinu djammi. Það eru útihátíðir og hestamannamót næstum hverja helgi, tala nú ekki um öll sveitaböllin. Ég verð nú að kaupa mér tjald þegar ég fæ útborgað. Verst að allur peningurin fer strax. Það var hringt í mömmu í gær og spurt hvort ég gæti þrifið - en æðislegt. Af hverju töluðu þau ekki við mig? Jæja, ég fer í þetta, það er ekki annað í boði. Verst er að kaupið sem ég fæ er lægra en hinna stelpnanna. Ég á góða systur sem er einu og hálfu ári eldri. Hún vann í banka og fjármagnaði oft skemmtilegheitin.

Þetta byrjar vel, Saltvík um helgina og ég verð að fara á puttanum. Það var ekki mikið

ISNIC the .is registry

ÍSLENSK ERFÐAGREINING

um far á þessum árum. Við vinkonurnar fórum í Húsafell 13 ára, einn pabbinn keyrði okkur. Við vorum ekki nein ljós. Áfengi var ekkert aðalmál nema að það hafi farið framhjá mér, það var ekki fyrr en síðar sem það fór að skipta einhverju máli. Maður átti ekki peninga fyrir því. Ég var fátækur unglingur og þurfti að velja vel í hvað aurarnir færu. Auðvitað var maður alltaf að spá í stráka en þeir voru ekki mjög spenntir fyrir mér. Þá.

Mér líður eins og skólagangan í æsku hafi verið eintóm bið eftir að skólanum lyki. Ég var frekar atkvæðalítil og vildi ekki láta bera á mér, alls ekki vekja athygli á sjónleysinu þótt allir sæju mig kengbogna niður í skólaborðið. Það var ekki fyrr en síðar sem ég fór fram á það við kennarana að þeir töluðu um leið eg þeir skrifuðu á töfluna. Stundum fékk maður fjölritað blað með sprittlykt, blátt pínulítið klessuletur. Einhverja aukatíma fékk ég í stærðfræði, kennarnir sáu ekkert á verkefnin fyrir hausnum á mér. Leikfimitímar voru fúlastir. Það voru svo oft boltaleikir og hvað var svo sem hægt að gera við stelpuna á meðan? Bara láta hana bíða. Í grunnskólanum í þá daga voru engin hjálpartæki, ég sá aldrei á töfluna, ekki einu sinni þótt ég sæti fremst, sem auðvitað jók enn á einangrunina. Vinkonurnar sem ég var með heima í hverfinu voru ekki mikið með mér í skólanum. Ég var bara ósýnileg. Stelpurnar leyfðu mér stundum að koma með í bæinn og ein þeirra leyfði mér að halda í handlegginn á sér. Verst var ef við rákumst á kvikindið hann Jón, hann hrópaði á mig yfir alla: „Rósa rangeygða, Rósa rangeygða!“ Og ég fór alveg í kerfi. Ég hugsa sjaldan um hve leiðinlegt þetta hefur verið, ég gleymi sjónskerðingunni. Það er ekkert að mér! Hugsa bara um hvernig allt geti verið sem skemmtilegast. Skemmtilegast er að skipuleggja útilegur og pleis sem við krakkarnir getum hist á. Þá er ég ekki eins útundan, samt fékk ég það á mig eitt sinn að ég mætti þakka fyrir að fá að vera með. Ég var einmitt að bera fullt af farangri og dirfðist að minnast á hvort einhver gæti tekið við af mér. Þá fékk ég þetta svar. Það kom mér svo á óvart því að það virtist hafa gleymst að það var ég sem planlagði ferðina. - Útilegurnar voru alltaf mitt uppáhald.

Gott fólk verður á vegi manns af og til, eins og Auður Laxness. Hún kenndi mér handavinnu í 6. bekk og ég vorkenndi sjálfri mér óskaplega yfir prjónastykki sem stefndi í góðan gólfklút en átti að vera þvottapoki. Hún skikkaði mig til að prjóna eitthvað áfram og sagði setningu við mig sem ég gleymi aldrei: „Þú getur gert allt sem þú vilt.“

